

## Menntun um sjálfbæra þróun

Áratugur Sameinuðu þjóðanna helgaður menntun um sjálfbæra þróun býður upp á mikilvæga möguleika fyrir okkur að taka raunverulegum framförum í að koma mannlegu samfélagi á braut sjálfbærni. Fátækt, hernaðaráttök, mannréttindabrot, hnigun umhverfisins og loftslagsbreytingar ógna mannlegri reisn og í raun allri afkomu mannsins. Þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir eru óhjákvæmilegar.

Sjálfbær þróun hefur verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum. Hún felur í sér jafn ólíka þætti og frið, vistvernd og mannréttindi og krefst þess að við endurmetum hugmynd okkar um hvað séu „framfarir.“

Sjálfbær þróun er víðtækt hugtak þess vegna getur menntun um sjálfbæra þróun opnað nýja spennandi möguleika fyrir samvinnu og frjósöm hugmyndaskipti milli ólíkra þekkingarheima. Hún verður einnig að nýta sér hefðbundna menntun sem og aðra þekkingu sem er að finna í okkar nánasta samfélagi.

Til að koma á sjálfbærni verðum við að læra af vísku mannsins og fjölbreyttri reynslu hans og nota hana í þágu framtíðarinnar. Jarðarsáttmálinn, sem er yfirlýsing um sameiginleg grunngildi okkar, var mótaður í samræðum fulltrúa ólíkra menningar- og trúarhópa. Þar segir: „Við verðum að taka höndum saman um að mynda sjálfbært samfélag á heimsvísu sem byggist á virðingu fyrir náttúrunni, mannréttindum, réttlátri skiptingu lífsgæða og friðarmenningu. Í þessu samhengi er brýnt að við, íbúar þessarar plánetu, lýsum yfir ábyrgð okkar gagnvart hvert öðru, gagnvart lífríkinu og gagnvart komandi kynslóðum.“

Afkoma okkar er undir því komið að djúpstæð breyting verði á hugarfari mannsins. Aðeins stefnubreyting í afstöðu okkar mun gera okkur kleift að mæta þeim gríðalegu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. Ég álít að sem íbúar jarðar ættum við að hafa eftirfarandi eiginleika í hávegum. Þeir eru: **víska** til að skilja gagnkvæm tengsl allra lífandi vera, **hugrekki** til að óttast hvorki né afneita því að við erum ólík, heldur að virða og leitast við að skilja fólk af ólíkum menningaruppruna og vaxa og þroskast við kynni okkar af þeim, **samúð** sem viðheldur vakandi hluttekningu sem nær út fyrir okkar nánasta umhverfi allt til þeirra sem þjást á fjarlægum slóðum. Ég trúi því að kjarninn í menntun um sjálfbæra þróun sé að efla og styrkja þessa eiginleika.

Mikilvægasta verkefni okkar er að skilja þær innri hvatir sem fær fólk til að gerast þátttakendur í svo sjálfseyðandi verknaði eins og að rjúfa og grafa undan jafnvægi náttúrunnar og jafnvægi á milli manna. Búddisminn telur skýringuna á slíkri hegðun vera að finna í vanþekkingu á því víðtæka samspili lífsins sem er grunnurinn að tilveru okkar í þessum heimi. Það er vanhæfni til að skilja ferli orsaka og afleiðinga þ.e.

hvernig hegðun okkar hefur áhrif á umhverfið sem síðar hefur áhrif á líf okkar. Það er kaldrifjuð grimmd og heimska sem fær fólk til að telja sér trú um að eynd annarra geti orðið grunnur að hamingju þess. Þetta viðhorf endurspeglast á sorglegan hátt í soun náttúruauðlinda sem grefur undan vistkerfi plánetunnar sem við lifum á.

Við ættum að líta á hvern einstakling sem uppsprettu óendanlegra möguleika og muna að viska og innsæi til að leysa erfiðustu áskoranir mannsins eru þegar til staðar sem ónýttir möguleikar í hjörtum fólks. Til að bera ríkan árangur verður menntun um sjálfbæra þróun að byggjast á djúpri trú á manninum og þeirri ákvörðun að efla framtakssemi hans í samtvinnuðu ferli náms, sjálfsskoðunar og valdeflingar.

Tsunesaburo Makiguchi, stofnandi Soka Gakkai, var kennari. Í riti sínu „Tilvist mannsins“ frá 1903, skoðar hann af nákvæmni gagnkvæmt samband manns og náttúru. Störf hans miðuðu að því að kenna börnum að vera meðvituð um þau bönd sem tengja okkur hvert öðru, okkar náttúrulega umhverfi og öllum heiminum.

Makiguchi benti á að þó einstaklingar geti ekki skapað efnið þá geti þeir skapað lífsgildi. Hann áleit að lykilinn að því að auka hæfni barna til að gera heiminn að heilbrigðari og betri stað væri að efla visku þeirra. Ég held að þessi innsýn í hæfni okkar til að skapa gildi, óháð efnislegum auðæfum, vísi til meginþátta í sjálfbærni sem eru: Hvernig finnum við viskuna til að nýta betur það sem við höfum? Hvernig sköpum við óendanleg verðmæti úr takmörkuðum náttúruauðlindum svo allir sem nú lifa og þeir sem á eftir koma geti fullnægt þörfum sínum og lifað mannsæmandi lífi?

Lausnin á þessari áskorun felst í því að takast á við mannlegar þrár. Hvort stjórnunum við þrám okkar eða látum stjórnast af þeim. Búddisminn kennir að hægt sé að breyta þrám okkar. Það er þrá að þyrsta eftir réttlæti. Það er einnig þrá að vilja losa heiminn við óþarfa þjáningar. Eiginleikar hugrekkis, visku og samúðar sem ég minntist á hér á undan geta orðið til þess að opna fyrir háleitustu langanir og orðið hvati að sjálfsskoðun, framkvæmdum og breytingum. Árangur af áratug sjálfbærrar þróunar veltur á því að það takist að snerta við lífum fólks á djúpstæðan hátt. Einlæg viðleitni fyrir framtíðina hefur kraft til að breyta heiminum.

*Daisaku Ikeda forseti SGI*

*Birt í Morgunblaðinu 28 sept. 2007*